

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Margaret og Bents Scheving Thorsteinssonar, sem staðfest var 30. janúar 2002, nr. 111.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins:

4. gr. orðist svo:

Rektor Háskóla Íslands skipar þrjá menn í stjórn sjóðsins. Forseti félagsvísindasviðs tilnefnir tvo menn í stjórn og skal annar þeirra vera fulltrúi lagadeildar. Forseti menntavísindasviðs tilnefnir einn mann í stjórn. Við tilnefningar í stjórn sjóðsins skal taka mið af tilgangi og markmiði sjóðsins.

Hlutverk stjórnar er að gera tillögur til rektors um einstakar styrkveitingar og kemur stjórnin saman að minnsta kosti árlega. Stjórnin setur sér nánari starfsreglur um úthlutanir svo sem einstakar styrkfjárhæðir, umsóknarfresti og ferli umsókna, innan ákvæða skipulagsskrár. Reglur um úthlutanir skal endurskoða árlega.

Stjórnin ritar fundargerðir, heldur fundargerðabók og skal afrit fundargerða sent umsjónarmanni styrktarsjóða Háskóla Íslands.

Stjórn er heimilt að úthluta styrkjum úr sjóðnum án auglýsingar.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Margaret og Bents Scheving Thorsteinssonar, staðfestast hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 30. mars 2010.

Ríkarður Mátsson.

Birkir Már Magnússon.